

Ed.

636. Nefndarálit

[225. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

Frá fjárhags- og viðskiptanefnd.

Nefndin hefur fjallað um frv. Það felur í sér þá einu breytingu á gildandi lögum, að stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins er heimilað að veita starfsmönnum fræðsluskrifstofu aðild að sjóðnum, en starfsmenn þessir eru ótvírætt opinberir starfsmenn þótt þeir séu vegna fyrirkomulags á ráðningu skv. grunnskólalögum hvorki ráðnir af ríkinu né sveitarfélögum.

Nefndin leggur til, að frv. verði samþykkt.

Alþingi, 12. mars 1983.

Ólafur Ragnar Grímsson,
form., frsm.

Kjartan Jóhannsson,
fundaskr.

Lárus Jónsson.

Gunnar Thoroddsen.

Davíð Aðalsteinsson.

Ey. Kon. Jónsson.

Guðmundur Bjarnason.